

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	13.03.20
Málalýkill	00.10.1
Mál nr.	2003236

Garðabæ, 10. mars 2020

Bæjarráð Garðabæjar
Ráðhúsi Garðabæjar, Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Efni: Beiðni um styrkveitingu til Kórs Vídalínskirkju vegna söngferðalags til Ungverjaland, sep.'20

Ágæta bæjarráð Garðabæjar,

Kór Vídalínskirkju hyggst leggja land undir fót, dagana 24. – 29. september n.k. í menningar- og söngferðalag til Búdapest í Ungverjalandi. Kórinn, sem fagnaði 25 ára starfsafmæli á síðasta ári samanstendur af 35 kórfélögum. Kórstjóri undanfarin 22 ár er Jóhann Baldvinsson, organisti. Síðast fór kórinn í söngferðalag til Berlínar í Þýskalandi árið 2008.

Undirbúningur og skipulagning ferðarinnar hófst s.l. haust og er í fullum gangi. Meðvitund kórfélaga vegna Covid-19 veirunnar er mikil og fylgst er grannt með fréttum heilbrigðisyfirvalda um afdrif hennar hér á landi sem og víðar. Vonir eru bundnar við að núverandi ástand á útbreiðslu veirunnar gangi yfir svo ekki komi til samkomu- og/eða ferðabanns.

Með kórnum í skipulagningu er Ferenc Utassy, ræðismaður Íslendinga í Ungverjalandi. Hann þekkir vel til kórsins þ.s. hann var kórstjóri hans um nokkurra ára skeið fyrir um 25 árum síðan. Í dag býr Ferenc í Búdapest og rekur þar ferðaskrifstofu.

Skipulagt tónleikahald kórsins verður með tvennum hætti í ferðinni. Annars vegar mun kórinn halda tónleika, laugardaginn 26. september í kirkju lútherska safnaðarins í bænum Dunakeszi – sem er í útjaðri Búdapest. Daginn eftir, sunnudaginn 27. september kemur kórinn fram í hámessu í dómkirkju í bænum Eger.


Til að fjármagna ferð kórsins munu m.a. verða haldnir veglegir vortónleikar nú í vor í Vídalínskirkju. Fyrirvari þó nefndur hér að þeir gætu frestast fram á haustið, í byrjun september n.k. vegna Covid-19 veirunnar eins og áður er getið. Á þessum tónleikum leggur kórinn upp með metnaðarfulla söngskrá sem mun samanstanda af lögum sem sungin verða í Ungverjalandi.

Það er von kórsins að vel takist til með fyrirhugaða ferð kórsins og að bæjarráð Garðabæjar taki jákvætt í beiðni kórsins. Útlistun á aðkomu bæjarráðs gæti legið í beinni styrkveitingu með fjárframlagi eða með auglýsingu í söngskrá kórsins.

Vegna málsins veitir undirritaður fúslega nánari upplýsingar sé eftir því leitað.

Virðingarfyllst,

F.h. Kórs Vídalínskirkju


 Valdimar K. Guðlaugsson, formaður ferðanefndar
valdimarkg@simnet.is / gsm: 862-6659

Skjal sótt af '00000000000' dags: 27.03.2026